

Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2007.

Árið 2007 var mikið framkvæmdaár m.a. vegna fjölda veittra byggingarleyfa síðastliðin 2 ár. Nýjar lóðir komu til úthlutunar aðallega í Dalsbrún og Smyrlaheiði. Eftirspurn eftir lóðum var í takt við lóðaframboð.

Helstu skipulagsmálin voru breyting á aðalskipulagi Sólborga, nýtt deiliskipulag fyrir Kambaland og umferðarskipulag Hveragerðis.

Fundir skipulags- og byggingarnefndar voru samtals 21 og 99 mál voru tekin á dagskrá nefndarinnar.

Aðalskipulag.

Samþykkt var veruleg breyting á aðalskipulagi svæðis austan Varmár „Sólborgir“ þar sem þéttleiki byggðar var aukinn umtalsvert og skipulagi stofn- og tengivega breytt. Breytingin var staðfest 9/11/2007. Breyting var einnig gerð á landnotkun lóðanna Heiðmörk 64, 68 og 70. Breytingin var staðfest 24/10/2007. Auk framangreindra mála var mörkuð stefna í skipulagi umferðaröryggismála í Hveragerði.

Skipulags- og byggingarnefnd veitti umsögn um „Frummatsskýrslu framkvæmdaraðila (OR) vegna fyrirhugaðrar Bitruvirkjunar“ þar sem hún taldi framkvæmdirnar hafa veruleg skaðleg áhrif á möguleika Hveragerðis og nágrennis sem íbúða- og ferðamannasvæðis og lagðist bæjarstjórn alfarið gegn framkvæmdinni. Einnig veitti skipulags- og byggingarnefnd umsögn um kæru Landverndar um að fram fari heildstætt umhverfismat vegna álvers í Helguvík og tengdra framkvæmda og tók nefndin og bæjarstjórn undir kröfu Landverndar í því máli.

Á árinu unnu sveitarfélögin, Hveragerði, Árborg og Ölfus ásamt Vegagerðinni, sameiginlega að mörkun stefnu um legu og gerð Hringveggar frá Kömbum að Ölfusá.

Deiliskipulag.

Óvenju mikið var unnið í deiliskipulagi. Nýtt deiliskipulag fyrir Kambaland var samþykkt 6/09/2007, nýtt deiliskipulag fyrir Heiðmörk 64, 68 og 70 var samþykkt 15/11/2007 og breyting á deiliskipulagi við Sunnumörk og Mánamörk var samþykkt 6/09/2007. Vinna hófst við gerð deiliskipulags fyrir Sólborgir og skipulags- og byggingarnefnd lagði fram tillögu um að fram fari samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðis.

Byggingarmál.

Veitt voru byggingarleyfi fyrir 31 íbúð, aðallega í Dalsbrún, Lækjarbrún og Smyrlaheiði. Leyfi fyrir 11 þessara íbúða voru síðar dregin til baka. Byggingarleyfi var veitt fyrir stækkun bensínstöðvar N1að Breiðumörk 1 og fyrir bensínstöð Atlantsolíu að Sunnumörk 6.

Einnig voru samþykktar teikningar af athafnahúsi Rarik að Mánamörk 2 en framkvæmdum á lóðinni var frestað um óákveðinn tíma.

Samþykkt flatarmál íbúðarhúsa jókst um 2.600 fermetra en samþykkt flatarmál annarra húsa minnkaði um 160 fermetra. Í þessum tölum er ekki meðtalið flatarmál íbúðarhúsa þar sem leyfi voru síðar afturkölluð og flatarmál athafnahúss Rarik. Til frádráttar kemur minnkun á flatarmáli athafnahúss við Mánamörk, sem samþykkt var á árinu.

Önnur mál.

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um fjölmörg önnur mál svo sem um brunamál, aðgengismál, grenndarkynningar, framkvæmdaleyfi, skilti, stöðuleyfi, breytta landnotkun við Dynskóga, ástand lóða, staðsetningu fyrir sleðabrekku, útivistarsvæði undir Hamri, Reiðvegi, Svæðaskipulag Hverageði-Árborg Ölfus, o.fl.

Hveragerði 5. janúar 2009

Guðmundur F. Baldursson
Skipulags- og byggingarfulltrúi